

## Náttúran – verkefni um jarðskjálfta.

- Þegar Orri og Ösp gengu Ingibjargarstíginn á leið sinni að Bláa Lóninu varð Ösp að orði að það væri eins gott að það kæmi ekki jarðskjálfti á meðan þau væru að ganga í gegnum hraunið. En Reykjanesið er þekkt jarðskjálftasvæði.
  - Farið á leitarvélarnar á vefnum og skoðið hversu oft það hafa verið jarðskjálftar í kringum Grindavík undan farin tvö ár og hvar virkustu svæðin eru þá helst.
  - Hver ætli sé skýringin að baki jarðskjálftunum á Reykjanesinu? Kynnið ykkur það.
  - Kynnið ykkur hvort sambærileg virkni sé á öðrum landsvæðum.
- Það er mikilvægt að kunna að bregðast rétt við þegar jarðskjálfti á sér stað.
  - Kynnið ykkur viðbragðsáætlun í byggðarlaginu.
  - Farið á hjúkrunar- og öldrunaheimilið Víðihlíð í Grindavík og fáið að spyrja íbúana um kynni þeirra af jarðskjálftum.
  - Semjið sögu um fjölskyldu sem lendir í jarðskjálfta og lesið upp fyrir bekkinn ykkar.
- Reykjaneshryggurinn er yngsti hluti Íslands og hraunið ber þess merki þar sem það er gróft og allt vatn lekur þar í gegn.
  - Notið leitarvélarnar á vefnum til að finna upplýsingar um jarðlagagerðir í Grindavík.
  - Kynnið ykkur tegundirnar og hvað einkennir þær. Skrifnið niður.
- Umhverfi Grindavíkur er sérstakt þar sem hraunið umlykur bæinn. Farið út í náttúruna og takið myndir af hinum ýmsu kynjamyndum hraunsins.
  - Notið forrit í tölvunni (t.d. PowerPoint eða MovieMaker) og búið til kynningu með myndunum sem þið tókuð.
  - Fáið bekkjarfélag/hóp til þess að semja tónverk sem minnir á hljóðin úti í náttúrunni og notið á kynningunni.
  - Kynnið fyrir bekknum.